

Á fundi sveitarstjórnar í júní sl. var staðfest forgangsröðun vegaf framkvæmda í Dalabyggð.

Samþykkt var á þeim fundi að forgangsröðunin yrði send á ráðamenn, stofnanir og félög sem koma að samgöngumálum með ýmsum hætti. Þá var hún einnig send á aðliggjandi sveitarfélög og eins þá aðila sem hafa óskað eftir að fá skýrsluna senda eftir að hún var staðfest. Sveitarstjóri Dalabyggðar afhenti svo innviðaráðherra og vegamálastjóra skýrsluna í heimsókn sinni á höfuðborgarsvæðið í júlí.

Það er einstaklega ánægjulegt að sjá og heyra jákvæð viðbrögð við skýrslunni og þann stuðning sem framtak Dalabyggðar hefur fengið. Skýrslan var einnig send inn sem fylgiskjal með umsögn sveitarfélagsins við drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Hér er ítrekað það sem fram kemur í umsögn Dalabyggðar við téð drög, að ótækt er með öllu að ekki eigi að setja fjármagn til áframhaldandi úrbóta á Skógarstrandarvegi (Snæfellsnesvegi nr. 54) fyrir en árið 2027. Þá tekur Dalabyggð heilshugar undir gagnrýni SSV í umsögn við sömu drög því t.a.m. eru það virkileg vonbrigði að sjá aðeins 700 milljónir áætlaðar í heild til nýframkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi á næstu árum.

Dalabyggð telur tækifæri falin í því að samhæfa stefnur sem heyra undir málefnasvið sama ráðuneytis, líkt og Bændasamtök Íslands benda á í umsögn sinni um samgönguáætlun. Þannig verði horft m.a. til byggðaáætlunar og gildandi landbúnaðarstefnu við gerð samgönguáætlunar til næstu ára.

Nú líður senn að hausti og því tekur Dalabyggð undir áherslu Sambands íslenskra sveitafélaga í umsögn þeirra að áður en gengið verði endanlega frá samgönguáætlun til framlagningar á Alþingi verði auknu fjármagni varið til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélags og atvinnulífs. Eins að viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um kostnaðarþátttöku sveitafélaga vegna snjómoksturs verði teknar til endurskoðunar, í samvinnu við sveitarfélögin. Ekki síst vegna þess að ýmsum nýframkvæmdum, sem eru á áætlunartímabilinu 2025-2028 í núgildandi samgönguáætlun, er frestað. Þannig verður að huga betur að vetrarþjónustu m.a. á vegum þar sem aðstæður eru ekki að valda umferðarpunga nútímans. Eins er mikilvægt að vetrarþjónusta skerðist ekki ef til kemur óvæntur kostnaðarauki vegna snjómoksturs s.s. vegna ofanflóða.

Dalabyggð telur einnig rétt að minna á yfirlýsingar ráðamanna um þá áherslu að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins. Við í Dalabyggð erum rík af einbreiðum brúm og það þarf að laga og er í raun hægt á völdum stöðum með einföldum hætti á þá vegu að setja ræsi í stað brúar þar sem því er viðkomið, er þeirri áherslu hér með komið á framfæri, enn og aftur.

Það er afar gleðilegt að sjá ferskar og vel rökstuddar tillögur líkt og fram koma í umsögn Kerecis við drög að samgönguáætlun. „Vestfjarðalína“ gæti ekki aðeins verið burðarás fyrir vöxt núverandi fyrirtækja á Vestfjörðum og Vesturlandi, heldur einnig lyftistöng fyrir ný fyrirtæki, jafnvel nýjar atvinnugreinar á svæði sem á mikið inni varðandi uppbyggingu innviða. Vegabætur eins og lagt er til í fyrrnefndri umsögn spilar einnig vel með ferðaleiðinni sem ber heitið Vestfjarðaleiðin og gæti sameinað enn fleiri svæði saman í eitt atvinnusóknarsvæði. Þarna eru tækifæri hvert sem litið er og yrðu framkvæmdirnar að veruleika myndi það færa Vestfirði og norðanvert Vesturland fram þannig að mögulega væri hægt sé að tala um samkeppnishæf byggðarlög að nýju, ólíkt því sem nú er vegna skorts á innviðauppbyggingu undanfarin ár og áratugi.